

YFIRLIT

um helstu gerðir sem samþykktar voru innan ESB í desember 2014 og janúar 2015 og varða EES-samninginn

Mælitæki

Framkvæmdastjórnin hefur sett framselda tilskipun sem varðar rennslismörk vatnsmæla. Frestur til innleiðingar innan ESB er 20.04.2016.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32015L0013&from=NL>

Matvæli

Framkvæmdastjórnin hefur sett reglugerð sem varðar hámarks magn fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í kjöti og kjötvörum og fiski og fiskafurðum sem reyktar eru með hefðbundum hætti. Reglugerðin veitir nokkrum aðildarríkjum ESB undanþágu til þriggja ára til að viðhalda sömu mörkum og samkvæmt áðurgildandi löggjöf. Undanþágan verður síðan endurmetin byggt á mælingum á tímabilinu.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1327&from=EN>

Matvæli

Framkvæmdastjórnin hefur sett framkvæmdareglugerð sem breytir að nokkru reglum um uppruna eldisdýra, eldisaðferðir og fóður í lífrænu fiskeldi. Meðal annars varða breytingarnar leyfilegan þéttleika í lífrænu bleikjueldi.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R1358&from=EN>

Almennar reglur sem varða tæknilegar viðskiptahindranir

Framkvæmdastjórnin hefur sett tilskipun sem gerir breytingar á tilskipun þingsins og ráðsins að því er varðar lista yfir varnartengdar vörur þar sem viðskipti og flutningar sæta sérstöku eftirliti.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0108&from=NL>

Samkeppnismál

Evrópuþingið og ráðið hafa sett tilskipun um tiltekna reglur um skaðabótakröfur í landsrétti vegna brota á ákvæðum samkeppnisréttar samkvæmt ákvörðun aðildarríkis eða framkvæmdastjórnar ESB. Með tilskipuninni eru reglur um skaðabótakröfur á grundvelli samkeppnislaga brota samræmdar að vissu marki, m.a. um fyrningarfrést, skaðabætur að álitum og sættir. Þá munu endanlegar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda hafa löglíkur með sér um brot, þegar lagðar fram sem grundvöllur skaðabótakröfu. Frestur til innleiðingar tilskipunarinnar innan ESB er 27.12.2016.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0104&from=EN>

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-14-1580_en.htm